

# ERGÓ1BB05

## Áfangalýsing

<b>Titill</b>	<b>ERGÓ</b>
<b>Námsgrein</b>	ERGÓ, sjálfbærni.
<b>Viðfangsefni</b>	Tengsl nemenda við umhverfið, sjálfið, umhverfismál, sjálfbærni, samvinna, vinnubrögð.
<b>Skammstöfun</b>	ERGÓ1BB05
<b>Staða</b>	
<b>Þrep</b>	1
<b>Einingafjöldi</b>	5
<b>Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla</b>	
<b>Lýsing</b>	<p>Fjallað verður um umhverfismál og sjálfbærni, meðal annars út frá umhverfisvernd, mannréttindum, heilbrigði og félagslegri velferð. Nemendur vinna ýmis konar verkefni þar sem þeir kynna sér umhverfisvandamál og leitast við að finna lausnir á þeim. Allmörg verkefni eru flutt eða kynnt með öðrum hætti.</p> <p>Sjálfbærni er einn af grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá. Má segja að undir hann falli hinir grunnþættirnir: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun, og læsi. Áfanginn miðar að því að koma inn á alla þessa þætti út frá sjálfbærni í víðum skilningi.</p>
<b>Forkröfur</b>	Engar (skylduáfangi á 1. ári)
<b>Þekkingarviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• hringrásum náttúrunnar, mikilvægi þeirra og hættum sem að þeim steðja.</li><li>• hugtakið sjálfbærni (e. sustainability) og hvernig þetta hugtak tengist nýtingu náttúruauðlinda og fólksfjölgun.</li><li>• tengsl nemenda við nærumhverfið sitt, bæði náttúrulegs og manngerðs umhverfis.</li><li>• tengslum milli umhverfis, hegðunar neytenda og mannréttinda.</li><li>• gróðurhúsaáhrifum, orsökum þeirra, afleiðingum, hvar ábyrgðin liggur og mögulegum lausnum.</li><li>• fjölbreyttum leiðum einstaklingsins til vistvænna lífnaðarháttá.</li></ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• velja vistvæna kosti umfram síður vistvæna, meðal annars með því að nýta umhverfismerkingar á vörum.</li><li>• greina áhrif sitt á umhverfi og fara eftir skyldum samfélagsborgara</li><li>• flokka, endurnýta og endurvinna til að minnka umhverfisáhrif.</li></ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• meta áhrif daglegs lífs á umhverfið, meðal annars með því að nýta sér hugtakið vistspor (e. ecological footprint).</li> <li>• útskýra og beita hugtakinu sjálfbærni.</li> <li>• ræða og rökstyðja hvernig mannréttindi, hagkerfi og umhverfisvernd tengjast sjálfbærni.</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• vera meðvitaður og gagnrýninn neytandi.</li> <li>• átta sig á áhrifum hvers einstaklings sem neytanda á umhverfi og samfélög.</li> <li>• taka þátt í nýsköpun sem leiðir til sjálfbærni.</li> <li>• minnka umhverfisáhrif sín með því að velja umhverfisvænar vörur, draga úr sóun og endurnýta eða endurvinna það sem hægt er á skapandi hátt.</li> <li>• ræða og túlka á gagnrýninn hátt upplýsingar sem tengjast umhverfismálum.</li> <li>• vera virkur og ábyrgur þátttakandi í umræðu um umhverfismál.</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Verkefni stór og smá, kynningar, lokaverkefni. Leiðsagnarmat. Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Einnig verður sjálfsmat og jafningjamat. Engin skrifleg lokapróf.</p>
<b>Útgáfunúmer</b>	
<b>Skólar</b>	
<b>Fyrirmynd</b>	